

Sþ.

382. Tillaga til þingsályktunar

[220. mál]

um starfsréttindi kennara.

Flm.: Halldór Blöndal, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að fræðsluyfirvöld haldi námskeið fyrir starfandi kennara á barna- og gagnfræðaskólastigi, sem hafa ekki kennararéttindi. Skal við það miðað, að þeir hafi verið settir um óákveðinn tíma eða gegnt fullu starfi í a. m. k. fimm ár, enda mæli viðkomandi skólastjóri og fræðsluráð eða skólanefnd með því.

Námskeið þetta skal vera eitt sumar og haldið tvívegis a. m. k., sumurin 1974 og 1975.

Að því loknu skal viðkomandi kennari hafa full starfsréttindi á því stigi, sem hann kennir við.

Greinargerð.

Mikill fjöldi kennara víða um land hefur ekki kennararéttindi, og hafa þeir þess vegna ekki verið skipaðir í stöður sínar, heldur hafa þær verið auglýstar lausar til umsóknar frá ári til árs. Eigi að síður hafa margir þessir kennarar gegnt starfi sínu með þryði um árábil og beinlínis bjargað því, að unnt hefur verið að halda uppi skólastarfi. Það hefur nokkuð borið á því, að þeir hafi orðið að víkja fyrir öðrum með full kennararéttindi, þó svo að þar hafi verið um fólk að ræða, sem fyrir fram hefur verið ákveðið í að setjast ekki að á viðkomandi stað og hefur kannske fengið stöðuna gegn vilja viðkomandi skólanefndar og skólastjóra. Á næsta skólaári hefur svo kannske orðið kennaralaust og þess vegna verið nauðsynlegt að gripa til einhverra skyndiráðstafana.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um, að það er ekki sæmandi af ríkinu að láta góða starfskrafta búa við slíkt öryggisleysi, svo að árum skiptir, þiggja þjónustu þeirra, þegar svo stendur á, en meta reynslu þeirra og hæfni til starfa einskis undir öðrum kringumstæðum.

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr kennaramenntuninni. Síður en svo. Hér er einungis verið að leggja til, að ófaglærðum kennurum verði gefinn kostur á nauðsynlegri menntun, enda fáir þeir viðunandi starfsskilyrði. Auk þess er það frumskylda fræðsluyfirvalda að annast um, að starfandi kennarar hljóti nauðsynlega grundvallarþekkingu.

Mér er miðað við 5 ára kennslu í fullu starfi eða setningu um óákveðinn tíma, auk þess sem tilskilið er, að meðmæli viðkomandi skólastjóra og fræðsluráðs eða skólanefndar liggja fyrir. Ætti það að vera trygging fyrir því, að einungis hæfir kennarar sækja viðkomandi námskeið og fá skipun í stöður sínar eftir þau.